

Snæfjallahringurinn


Upplagt er að ganga út Snæfjallaströnd, frá Unaðs-dal og hjá Tírðilmýri, Hlíðarhúsum, Skarði, Sandeyri og að Berjadalsá. Göngubrýr eru yfir Hlíðarhúsaá og Ytra-Skarðsá. Farið er upp með Íralæk, rétt utan við Berjadalsá, um sneiðinga upp á grösugan Reiðhjalla í fjallsbrúninni. Þaðan liggur gömul og grýtt póstleið yfir Snæfjallaheiði til Grunnavíkur. Leiðin liggur víða nálægt brúnum Vébjarnarnúps og því þarf að fara var-lega. Uppi á heiðinni er leiðin vel vörðuð. Um tvær leiðir er að velja. Sú nyrðri er með stærri vörðum og er hún vetrarleið. Syðri leiðin er betri yfirferðar á sumrin. Síðan norðvestur um Snæfjallaheiði í 470 metra hæð. Að lokum bratta sneiðinga austnorðaustur að Nesi eða Kumlá í Grunnavík. Þaðan er stuttur spölur að Stað.

Frá Stað er farið um Staðarheiði austur Höfðaströnd að Dynjanda í Leirufirði, sem er alfaraleið um Sveit-ina. Þar er farið hjá Faxastöðum á milli Staðarhlíðar og Seljafalls, mest í 150 metra hæð. Einnig má fara um Kollsárheiði um hálfum kílómetra norðar, sunnan Skeiðisvatns og meðfram Hrafnabjörgum að Kollsár-gili og um Tídagötuhjalla, þar sem sést vel yfir Sveitina. Farið er niður hjallann og austur Höfðaströnd að Steins-hólum, síðan áfram austur með ströndinni um sjávar-bakka, grundir og mela að Höfða. Á eyrinni undir Höfða er Flæðareyri, samkomuhús Grunnvíkingafélagsins. Á Höfða er gott útsýni og hringsjá. Því næst er komið að Dynjanda. Milli Höfða og Dynjanda eru tvær leiðir, sú gamla ofan á höfðanum og hin yngri jeppavegur undir klettabelti meðfram sjónum.

Aðalleiðin á milli Dynjanda og Unaðsdals er um Dynj-andisskarð eða Dalsheiði. Vörðurnar á leiðinni eru að mestu hrundar, en best er að fara um 100-200 metrum vestan við gömlu símastaurana. Leiðin er óskýr og slitr-ótt. Um nyrsta hluta leiðarinnar er rudd slóð. Farið er um Gunnuhjalla milli Tröllafells að vestan og Hádegisfjalls að austan. Þar er farið upp í Dynjandisskarð í 580 metra hæð og yfir á Dalsheiði. Komið er niður í Álfsskarð ofan við Unaðsdal.

Snæfjöll Mountain Range

It is ideal to take the walking path along Snæfjallaströnd-coast, from Unaðsdalur and Tírðilmýri, Hlíðarhús, Skarð and Sandeyri towards Berjadalsá-river. There are walking bridges across the rivers Hlíðarhúsaá and Ytra-Skarðsá. Then you can walk along Íralækur-creek, just off the Berjadalsá-river. Continue walking along the grassy Reiðhjalli-ridge up to the edge of the mountain. From there, you will find an old and rocky path, used by the postmen of former times, across Snæfjalla-heiði-heath to Grunnavík-bay. The path runs very close to the edges of Vébjarnarnúpur-cliff so you must be very careful. When you reach the top, the area is marked by stone-cairns. There you have a choice of two paths. The northern path has larger stone-cairns and can be used during the winter. The



southern path serves better during the summer. Then you can head northwest over Snæfjallaheiði-mountain which is 470 meters in alti-tude. Finally you will find a steep path in the direction of east-north-east to the farms Nes or Kumlá in Grunnavík-bay. From there you find a short walk to the old parsonage Staður. From Staður the path goes across Staðarheiði-heath to the east, along Höfða-strönd-coast to the farm Dynjandi in Leirufjörður-firth, which is a much used path through Sveitin. The path runs by Faxastaðir-farm between Staðarhlíð and Seljafall-mountain, which is around 150

meters in altitude. You can also walk along Kollsárheiði-heath about half a mile further to the north, south of the Skeiðis-vatn-lake and along Hrafnabjörg-mountains to Kollsárgil and along Tídagötuhjalli-ridge which has an unobstructed view of Sveitin. Walk down the ridge and head to the east along Höfða-strönd to Steinshólar. From there you can head east along the sea-shore to Höfði. On the sandbanks under Höfði-cliff you will find Flæðareyri, where you can see the community hall of the Grunnvíkingafélag-society. On top of Höfði-cliff you have

a beautiful view and a viewfinder. Next you come to Dynjandi. Between Höfði and Dynjandi there are two paths. The old one runs at the top of the cliff but the younger one is a jeep-road below the cliffs and runs along the coast. The main road between Dynjandi and Unaðsdalur-valley runs along Dynjandi-pass or Dalsheiði-heath. Most of the stone cairns there have collapsed, but it's best to walk 100-200 meters more to the west than the old telephone-poles. The path is unclear and disjointed. The northernmost part of the path is a gravel trail. You can pass along the Gunnuhjalli-ridge between Tröllafell-mountain to the west and Hádegisfjall-mountain to the east. There you enter Dynjandisskarð-pass which is 580 meters high and from there you cross over the Dalsheiði-heath. Here you arrive down to Álfsskarð-pass which is above Unaðsdalur-valley.